

**Nd.**

### **387. Nefndarálit**

um frv. til l. um verðlag á almennum nauðsynjavörum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Á þskj. 365 er fram komið nefndarálit frá minni hl. allshn. (HV og StJSt) um þetta mál, og segir þar, að nefndin hafi ekki komið sér saman um afgreiðslu þess. Sannleikurinn er þó sá, að málið hefir aldrei verið tekið fyrir á nefndarfundi, en utan fundar höfum við TT og GP hinsvegar skýrt meðnefndarm. okkar frá, að við teldum, að mál þetta þyrfti nánari athugunar við, og meðundirritaður BJ telur sig ekki hafa verið boðaðan á neinn fund um þetta mál, en hinsvegar hefir verið óskað eftir því við hann símleidis, að hann samþykkti nefndarálit minni hl., en hann hinsvegar tilkynnt, að hann sæi sér ekki fært að taka svo flauturslega afstöðu til málsins.

Meiri hl. nefndarinnar telur því rétt, áður en mál þetta er afgreitt, að það fái rækilega athugun í nefnd, og að fengnar séu umsagnir þeirra stofnana, sem mál þetta snertir sérstaklega, svo sem Verzlunarráðs Íslands, Sambands ísl. samvinnufélaga o. fl. — Hinsvegar er ljóst, að komið er svo nærri þingslitum, að ekki getur unnizt tími til að fá slíka umsögn á meðan þetta þing situr, og ber því meiri hl. n. fram svo hljóðandi

#### **RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:**

Með því að mál þetta hefir enga athugun fengið í nefnd, og með því að rétt þykir að fá um málið nauðsynlegar umsagnir þeirra stofnana, er bezt bera skyn á það, og þar eð nauðsynleg athugun málsins getur ekki farið fram á þessu þingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 19. apríl 1937.

Garðar Þorsteinsson,  
frsm.

Bergur Jónsson,  
fundaskr.

Thor Thors.